

1. maí ávarp 2010
Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík
BSRB
Bandalags háskólamanna
Kennarasambands Íslands
og
Sambands íslenskra framhaldsskólanema

Byggjum nýtt Ísland!

Eldar loga á Íslandi, jafnt í náttúrunni sem hjá almenningi. Niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna kynda nýja elda hjá þjóðinni. Þar er skjalfest hvernig þröngur hópur siðblindra einstaklinga fór ránshendi um þjóðarbúið án þess að stjórnvöld og eftirlitsaðilar gerðu neitt til að koma í veg fyrir það, þrátt fyrir viðvaranir. Þjóðin stendur frammi fyrir afleiðingum þeirrar hömlulausu trúar á einkaframtakið sem byrjað var að predika á tíunda áratug síðustu aldar og náði hámarki með einkavinavæðingu bankanna í byrjun þessarar aldar.

Á baráttudegi launafólks horfumst við Íslendingar í augu við þá staðreynd að við höfum búið við mjög alvarlega spillingu. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis tekur af öll tvímæli um þetta. Spilling hér á landi er ekki einskorðuð við bankastjóra, bankaráð og forsvarsmenn fjármálastofnana, heldur hefur hún einnig grafið um sig meðal æðstu embættis- og ráðamanna og síðast en ekki síst í stjórnámálum landsins.

Spillingaröflin eru enn að verki. Þau eru í skilaneftum bankanna þar sem margir þeirra sem voru valdir að kreppunni, sitja enn og maka krókinn; þeir sem ryksuguðu fé út úr stærstu fyrirtækjum okkar og skildu þau eftir eignalítill eða eignalaus. Þeir leita sér að nýjum fyrirtækjum til að fjárfesta með illa fengnu fé. Undirmenn þeirra sem mesta ábyrgð bera, sitja nú í skilaneftunum og veita sínum gömlu herrum ný verkefni.

Íslenskt samfélag byggir á gömlum grunni, þar sem samhjálp og eindrægni léku löngum veigamikil hlutverk í tilveru landsmanna. Sá grunnur hefur skaðast í græðgistrú undanfarinna áratuga. En það er á þeim grunni sem við þurfum að byggja það nýja Ísland, sem nú er kallað eftir. Verkalýðshreyfingin vill taka þátt í þeirri uppbyggingu, þar sem samfélagið byggir á mannúð, reisn einstaklingsins og ábyrgð samfélagsins.

Siðferðislegur vandi samfélagsins er ekki síst að fjöldi þeirra sem bera mesta ábyrgð á hruninu neitar að horfast í augu við ábyrgð sína. Sumir þeirra sem mesta ábyrgð bera eru sestir að í öðrum löndum, aðrir loka sig af og neita að tjá sig, enn aðrir svara þjóðinni með

yfirlæti og hroka. Undantekning er að þeir sem mesta ábyrgð bera, segi af sér embættum og skammist sín. Þeir fáu sem hafa iðrast og sagt af sér embættum, gera það tímabundið fyrir flokkinn sinn, en ekki fyrir þjóðina.

Það er staðreynd að ennþá hafa engin málaferli hafist yfir þeim sem bera mesta ábyrgð á hruninu. Það þurfti brennur og óeirðir á Íslandi í fyrsta sinn til að koma ríkisstjórn frá völdum. Það þurfti umsátur um Seðlabanka og Fjármálaeftirlit til að hreinsa þar út úr húsum. Hvað þarf til núna? Hvað leggur verkalýðshreyfingin til?

Verkalýðshreyfingin krefst þess að:

- Bornar verði fram ákærur á hendur þeim sem rannsóknarskýrslan upplýsir um vanrækslu, afbrot, aðgerða- eða aðgerðaleysis sem leiddi til hrunsins.
- Þeir stjórnamálamenn og aðrir einstaklingar sem tóku ákvarðanir um einkavæðingu bankanna og stofnana samfélagsins og lögðu þannig grunn að hruni efnahagskerfisins, verði dregnir til ábyrgðar.
- Lokið verði svo fljótt sem auðið er rannsóknum yfir þeim mönnum sem nú eru í skoðun hjá sérstökum saksóknara og embætti hans fái fjárveitingar, mannafla og önnur verkfæri sem til þess duga.
- Málaferli hefjist sem fyrst á grundvelli ákæranna og dómstólar verði eflidir þannig að dæma megi í málum ákærðu hratt og örugglega.
- Gerðar verði úrbætur á fangelsismálum landsins þannig að dæmdir samfélagslegir skemmdaverkamenn hefji afplánun strax í kjölfar dóma.
- Reynt verði með öllum tiltækum hætti að ná því fé sem hægt er til baka frá auðmönnum sem þeir hafa skotið undan og komið í skjól erlendis og eignir þeirra frystar.
- Þeir sem ábyrgð bera á að leggja atvinnurekstur landsmanna í rúst og koma fyrirtækjum í þrot, geti ekki að lögum komist í stöðu stjórnenda og eigenda fyrirtækjanna á ný.

Það verður engin sátt í þjóðfélaginu fyrr en réttað hefur verið yfir þeim samfélagslegu glæpamönnum sem lögðu atvinnureksturinn og heimili landsmanna í rúst.

Afleiðingar hrunsins eru að koma fram þessa dagana með skelfilegum hætti. Gríðarleg kjaraskerðing er að eiga sér stað meðal landsmanna, einhver hrikalegasta eignaupptaka sögunnar stendur fyrir dyrum, lífeyrissjóðir eru að skerða réttindi sjóðfélaga, þar á meðal öryrkja og þeirra sem búa nú þegar við skert kjör, þúsundir heimila standa frammi fyrir skuldastöðu sem þau ráða ekkert við og á annan tug þúsunda manna glímur nú við alvarlegt atvinnuleysi. Á höfuðborgarsvæðinu á stærri hluti þess hóps við langtímaatvinnuleysi að glíma og er það algerlega ný staða í íslensku samfélagi.

Tryggja verður að aðgerðir stjórnvalda til að mæta fjárlagahalla næstu ára komi ekki niður

á grunnþjónustu samfélagsins. Öflug opinber almannaþjónusta er aldrei eins mikilvæg og á krepputímum. Sýnt hefur verið fram á að jöfnuður er meiri í þeim samfélögum þar sem staðinn hefur verið vörður um almannaþjónustuna. Staða hennar mun því skipta sköpum fyrir uppbyggingu þjóðfélagsins á næstu árum. Veiking velferðarkerfisins býður heim háskalegum félagslegum afleiðingum sem munu að öllum líkindum vara mun lengur en kreppan ein gefur tilefni til. Slíkt bitnar ekki síst á konum sem búa nú þegar við óviðunandi launamun.

Menntakerfið gegnir veigamiklu hlutverki á þessum erfiðleikatímum. Harkalegur niðurskurður fjármuna til skólamála er óskynsamlegur og beinlínis hættulegur. Blómlegt mannlíf og hagsæld til framtíðar byggist að verulegu leyti á því að öllum standi til boða gott skólastarf í æsku, góðir menntunarmöguleikar á framhalds- og háskólastigi og fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar á fullorðinsárum.

- Það er krafa verkalýðshreyfingarinnar að ríkisstjórnin snúi sér nú að alvöru viðfangsefnum sem blasa við hverjum einasta landsmanni.
- Setja verður af stað ný verkefni í atvinnumálum í samræmi við samkomulag stöðugleikasáttmálans, þar sem fjölmargar framkvæmdir hafa dregist úr hömlu.
- Taka verður á atvinnuleysinu með aðgerðum, sérstaklega í þágu ungs fólks og barnafjölskyldum, sem nú eru komnar í feril langtímaatvinnuleysis.
- Tryggja verður að aðgerðir stjórnvalda til að mæta fjárlagahalla næstu ára komi ekki niður á grunnþjónustu samfélagsins.
- Grípa verður til aðgerða sem duga fyrir hluta heimila sem glímir við óviðráðanlega skuldastöðu og er að missa heimili sín. Skýrsla Seðlabankans sýnir að það er ekki nóg að gert.
- Sérstaklega er brýnt núna þegar sverfur að í atvinnurekstrinum að tekið verði á allri svartri atvinnustarfsemi í landinu með öllum tiltækum ráðum.
- Tryggja verður að auðlindir landsmanna verði óskiptar í eigu þjóðarinnar.

Verkalýðshreyfingin hefur veitt bæði atvinnurekendum og stjórnvöldum svigrúm til að mæta afleiðingum efnahagshrunsins með tilfærslum á launaliðum samninganna. Það er þess vegna algerlega óásættanlegt að atvinnurekendur segi sig frá sátt sem gerð var á sumrinu 2009 um framvindu launa- og atvinnumála. Framkoma atvinnurekenda og seinangangur stjórnvalda í atvinnumálum er núna stærsta ástæða þess hvernig komið er í atvinnumálum landsmanna. Við það verður ekki unað.

Verkalýðshreyfingin vill taka þátt í að byggja upp nýtt Ísland, opið og heiðarlegt þjóðfélag. Liður í uppbyggingu þessa nýja samfélags er að þjóðin kalli saman stjórnlagagæing, sem hafi það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána með það fyrir augum að koma í veg fyrir að siðleysi og auðhyggja geti á nýjan leik komið samfélaginu á kaldan klaka.

F.h. Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík

F.h. BSRB

F.h. Bandalags háskólamanna

F.h. Kennarasambands Íslands

F. h. Sambands íslenskra framhaldsskólanema